

Auka fundur sveitarstjórnar Eyja- og Miklaholtshrepps, haldinn að Breiðabliki mánudaginn 5. júní 2023 klukkan 17:00.

Mætt eru: Veronika G. Sigurvinsdóttir, Herdís Þórðardóttir, Þröstur Aðalbjarnarson, Guðbjörg Gunnarsdóttir og Sigurbjörg Ottesen, sem ritaði fundargerðina.

Oddviti setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

Eftirfarandi var tekið fyrir:

1. Staða viðræðna við óstofnað félag um rekstur einkarekins skóla í Laugargerði og leigu eigna sveitarfélagsins í Laugargerði.

Oddviti lagði fram eftirfarandi bókun:

Sveitarstjórn Eyja- og Miklaholtshrepps barst erindi, sem að tekið var fyrir á fundi sveitarstjórnar þann 11. maí 2023, frá Eggerti Kjartanssyni f.h. óstofnaðs félags sem að ætlaði sér að reka einkarekinn skóla í Laugargerði. Sveitarstjórn skipaði tvo fulltrúa, oddvita og varaoddvita, til viðræðna við óstofnað félag um þjónustusamning og leigu á eignum sveitarfélagsins í Laugargerði. Viðræður hafa átt sér stað um nokkurt skeið og telja fulltrúar sveitarfélagsins framvindu viðræðnanna ekki ásættanlegar fyrir hönd sveitarfélagsins og samfélagsins í heild.

Þess vegna telur sveitarstjórn skynsamlegast að slíta viðræðum við hið óstofnaða félag um þjónustusamning vegna einkarekins skóla sem og leigusamnings um Laugargerði.

Eyja- og Miklaholtshreppur hefur nú þegar gert þjónustusamninga við Sveitarfélagið Stykkishólm um leikskóla, grunnskóla og tónlistarskóla, ásamt annarri þjónustu við börn og ungmenni í sveitarfélaginu. Sveitarstjórn ákvað í upphafi kjörtímabils að leita að hagkvæmari kosti í skólamálum en undangengin ár, þar sem rekstur Laugargerðisskóla hefur verið sveitarfélaginu þungur í mörg ár. Með þessum samningum við Sveitarfélagið Stykkishólm er ljóst að kostnaður vegna skólahlads lækkar verulega og er það nauðsynleg aðgerð vegna þeirrar þróunar sem er að eiga sér stað í tekjumódeli sveitarfélagsins. Miðað við þær áætlanir sem að Jöfnunarsjóður sveitarfélaga hefur lagt fram munu framlög til sveitarfélagsins úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga lækka um rúmlega 78% á næstu misserum.

Í upphafi viðræðna við hið óstofnaða félag um einkarekinn skóla í Laugargerði var sveitarfélagið tilbúið að greiða til einkarekins skóla með hverju barni, sem að lögheimili ætti í Eyja- og Miklaholtshrepp, sem nemur sambærilegri upphæð og greidd verður til Sveitarfélagsins Stykkishólms. Húsnæði Laugargerðisskóla og svæðið þar um kring til afnota, var boðið endurgjaldslaust til eins árs. Jafnframt fór sveitarstjórn fram á að hið óstofnaða félag sýndi fram á fjárhagslega og faglega burði til reksturs einkarekins skóla.

Hið óstofnaða félag hefur hvorki sýnt sveitarstjórn fram á fjárhagslega né faglega burði til reksturs einkarekins skóla.

Hið óstofnaða félag hefur sótt það stíft að samningstíminn yrði lengri en eitt ár. Fyrir liggur að hluti húsnæðissins yrði nýttur til ferðaþjónustu hjá hinu óstofnaða félagi. Sveitarstjórn telur að vel athuguðu máli að ekki sér sé stætt á að færa einum rekstraraðila í ferðaþjónustu í sveitarfélaginu aðstöðu til lengri tíma án undangenginnar auglýsingar um leigu. Með því væri verið að skapa ójafna stöðu ferðaþjónustuaðila í sveitarfélaginu og ekki gætt að jafnræðisreglu. Jafnframt má færa rök fyrir því að ekki væri verið að verja fjármunum sveitarfélagsins á réttmætan máta.

Sveitarstjórn þykir ljóst, miðað við fyrirbyggjandi drög að þjónustu- og leigusamningi, að af þeim muni hljótast verulegur aukinn kostnaður fyrir sveitarfélagið miðað við þá samninga sem sveitarfélagið hefur nú þegar gert við Sveitarfélagið Stykkishólm um leikskóla, grunnskóla og tónlistarskóla. Þar af leiðandi sér sveitarstjórn ekki grundvöll fyrir áframhaldandi viðræðum við hið óstofnaða félag um rekstur einkarekins skóla í Laugargerði.

Bókun samþykkt samhljóða.

2. Trúnaðarmál. Fundi lokað.

Trúnaðarmál tekið fyrir og fært í trúnaðarbók.

Ekki var fleira gert, fundargerð lesin og samþykkt. Fundi slitið klukkan 18:13.

Sigurbjörg Ottesen – sign

Herdís Þórðardóttir – sign

Þróstur Aðalbjarnarson – sign

Veronika G. Sigurvinsdóttir – sign

Guðbjörg Gunnarsdóttir - sign